

Stjórnsýsluúttektir Ríkisendurskoðunar

Hvað er skoðað?
Hvernig?

Morgunverðarfundur á Grand Hótel
18. apríl 2023



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 – 2025

RÍKISENDURSKOÐUN



Ríkisendurskoðun

- Lög nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga
- Ríkisendurskoðandi starfar á vegum Alþingis og er trúnaðarmaður þess
- Ríkisendurskoðandi er sjálfstæður og engum háður í störfum sínum

Skipurit Ríkisendurskoðunar



Ríkisendurskoðun

- Starfsmenn 44 talsins á sex sviðum
 - ✓ Þar af 12 á stjórnsýslu- og lögfræðisviði
- Meginverkefni embættisins skv. lögum
 - ✓ Endurskoðun ríkisreiknings
 - ✓ Fjárhagsendurskoðun ríkisaðila 5. gr.
 - ✓ Stjórnsýsluendurskoðun 6. gr.
 - ✓ Tekjueftirlit 6. gr. a
- Samstarf við systurstofnanir
 - ✓ Alþjóðasamtök (INTOSAI)
 - Undirsamtök (EUROSAI, NORSAI)

Stjórnsýsluendurskoðun

- Lima-yfirlýsingin frá 1977 (INTOSAI)
 - ✓ Fjallar um grundvöll, hlutverk og eðli endurskoðunar
 - ✓ Fjárhagsendurskoðun og stjórnsýsluendurskoðun (4. gr.)
 - „Hefðbundið verkefni ríkisendurskoðanda er endurskoðun á lögmæti og reglusemi fjármálastjórnunar og reikningshalds.
 - Til viðbótar hefðbundinni endurskoðun, sem er óumdeilanlega mikilvæg og hefur mikla þýðingu, er til annars konar endurskoðun sem snýr að frammistöðu, árangri, hagkvæmni og skilvirkni í opinberri stjórnsýslu. Þessi endurskoðun nær ekki aðeins til sérstakra þátta stjórnunar, heldur líka til stjórnunarstarfa í heild sinni, þar með talið skipulag og stjórnunarkerfi.“

Stjórnsýsluendurskoðun

- 6. gr. laga nr. 46/2016

„Stjórnsýsluendurskoðun felur í sér mat á frammistöðu þeirra aðila sem ríkisendurskoðandi hefur eftirlit með. Markmið stjórnsýsluendurskoðunar er að stuðla að úrbótum þar sem einkum er horft til eftirfarandi atriða:

a. meðferðar og nýtingar ríkisfjár,

b. hvort hagkvæmni og skilvirkni sé gætt í rekstri stofnana og fyrirtækja í eigu ríkisins,

c. hvort framlög ríkisins skili þeim árangri sem að er stefnt.

Við mat á frammistöðu skal meðal annars líta til þess hvort starfsemi sé í samræmi við fjárheimildir, þá löggjöf sem gildir um hana og góða og viðurkennda starfshætti.

Stjórnsýsluendurskoðun getur einnig falið í sér mat á því hvernig stjórnvöld framfylgja áætlunum, lagafyrirmælum og skuldbindingum á sviði umhverfismála.“

Hvað er stjórnsýsluendurskoðun?

- Frammistöðumat
 - ✓ Greining á því hvernig aðilar sinna verkefnum sínum
- E-in þrjú
 - ✓ Performance auditing does not have its roots in the form of auditing common to the private sector. Its roots lie in the need for independent, wide-ranging analyses of the **economy**, **efficiency**, and **effectiveness** of government programs and agencies made on non-recurring basis
- Grundvallarspurningar stjórnsýsluendurskoðunar
 - ✓ Er verið að gera hlutina á réttan hátt? (hagkvæmni, skilvirkni)
 - ✓ Er verið að gera réttu hlutina? (árangur)

Hagkvæmni (Economy)

- Er mannauði, fjármagni og öðrum björgum skynsamlega varið?
- Er verið að ráðstafa verðmætum á sem hagkvæmastan hátt?
- Er aðfanga aflað með eins litlum tilkostnaði og mögulegt er?

Skilvirkni (Efficiency)

- Nátengt hugmyndinni um hagkvæmni
- Að ná sem mestu út úr aðföngum framleiðslunnar
- Erum við að hámarka framleiðslu miðað við tilkostnað?
 - ✓ Ráðstöfun verðmæta
 - ✓ Góð stjórnun
 - ✓ Samvinna og samstarf ólíkra aðila í samræmi við markmið
 - ✓ Framleiðsla innan tímamarka
- Er markmiðum náð án of mikils tilkostnaðar

Árangur (Effectiveness)

- Eru markmið starfseminnar að nást?
- Er útkoman í samræmi við þau markmið?
- Oft erfitt að meta
 - ✓ Skortur á samanburði
 - ✓ Oft illmælanleg langtímamarkmið
- Hliðaráhrif/ytri áhrif: Þarf oft að skoða óbeinar afleiðingar hlutanna

Grundvöllur stjórnsýsluendurskoðunar

- Þingbeiðnir
 - ✓ Stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd Alþingis getur farið fram á að tekin sé saman skýrsla
 - ✓ Enn fremur níu þingmenn sé það samþykkt í þingsal
- Frumkvæðisúttektir
- Beiðnir frá ráðuneytum / stofnunum
- Ríkisendurskoðun sjálfstæð – getur hafnað beiðnum

Framkvæmd stjórnsýsluendurskoðunar

Stjórnsýsluendurskoðun

- Staðlar INTOSAI (ISSAI-staðlar)
 - ✓ Handbók byggð á grunni ISSAI 3000 til nánari útfærslu
 - ISSAI 3000 fjallar um framkvæmd stjórnsýsluendurskoðunar
- Gæðahandbók Ríkisendurskoðunar vegna stjórnsýsluendurskoðunar unnin á grunni handbókar INTOSAI
- Verkferill Ríkisendurskoðunar
 - ✓ Skilgreindur verkferill þar sem hlutverk hvers og eins er tilgreint og verkefnið brotið niður í hluta

Stjórnsýsluendurskoðun

- Helstu skref í vinnslu úttekta
 - ✓ Val á úttektarefni og hönnun úttektar
 - ✓ Framkvæmd úttektar
 - ✓ Mótun niðurstaðna og ábendinga
 - ✓ Gæðarýni
 - ✓ Umsagnarferli og úrvinnsla þess
 - ✓ Kynning og útgáfa
 - ✓ Eftirfylgni

Stjórnsýsluendurskoðun

- Val á úttektarefni
 - ✓ Almennt „eftir-á“ úttektir
 - ✓ Þingbeiðnir, frumkvæðisúttektir, beiðnir frá ráðuneytum / stofnunum
 - ✓ Forgangsröðun
 - ✓ Ekki hlutverk Ríkisendurskoðunar að efast um eða hafa skoðanir á pólitískri stefnu eða markmiðum
- Hönnun úttektar
 - ✓ Afmörkun úttektar og hönnun rannsóknarspurninga
 - ✓ Gerð endurskoðunaráætlunar

Stjórnsýsluendurskoðun

- Framkvæmd úttektar

- ✓ Tilkynning

- „Úttektarþola“ tilkynnt um úttekt ásamt viðeigandi ráðuneyti
- Óskað eftir tengiliðum

- ✓ Upphafsfundir

- ✓ Gagnaöflun

- Ríkisendurskoðun hefur ríkar heimildir til gagnaöflunar
- Spurningalistar, kannanir, viðtöl, fundir o.s.frv.

- ✓ Greining og úrvinnsla gagna

- Margs konar gögn sem krefjast mismunandi greiningar og úrvinnslu

- ✓ Ritun skýrsludraga

- Hefst samhliða úrvinnslu gagna

Stjórnsýsluendurskoðun

- Mótun niðurstaðna og ábendinga
 - ✓ Hefst samhliða ritun skýrsludraga
 - ✓ Niðurstöður eiga að vera skýrar og hnitmiðaðar
 - ✓ Samsetning niðurstaðna á að vera rökrétt og í réttu hlutfalli við áherslu úttektar
 - ✓ Ábendingar/tillögur til úrbóta skulu byggðar á rökréttum grunni niðurstaðna og skulu vera hnitmiðaðar og skýrar

Stjórnsýsluendurskoðun

- Gæðarýni

- ✓ Aðrir sérfræðingar rýna skýrsludrögin og leggja mat á þætti eins og afmörkun, efnistöð, úrvinnslu gagna, réttmæti niðurstaðna og ábendinga, hvort rannsóknarspurningum er svarað o.s.frv.
- ✓ Í þróun að taka gæðarýni fyrr inn í ferlið

Stjórnsýsluendurskoðun

- Umsagnarferli og úrvinnsla þess
 - ✓ Umsagnardrög send viðeigandi aðilum til umsagnar
 - Annars vegar til að koma á framfæri athugasemdum við skýrsludrögin
 - Hins vegar að setja fram formleg viðbrögð við ábendingum/tillögum
 - ✓ Mjög mikilvægur liður í úttektum sem þessum
 - Koma í veg fyrir að í endanlegri skýrslu leynist staðreyndavillur, rangtúlkanir eða aðrir ágallar
 - ✓ Úrvinnsla athugasemda misumfangsmikil
 - Í einstaka tilfellum sent að hluta til aftur til umsagnar og/eða fundað með „úttektarþolum“
 - ✓ Birting formlegra viðbragða í endanlegri skýrslu

Stjórnsýsluendurskoðun

- Kynning og útgáfa

- ✓ Endanleg skýrsla send forseta Alþingis sem áframsendir til viðeigandi þingnefndar
- ✓ Skýrslan jafnframt send „úttektarþola“ og viðeigandi ráðuneyti
- ✓ Skýrsla kynnt fyrir þingnefnd (stjórnskipunar- og eftirlitsnefnd)
- ✓ Í kjölfar kynningar er skýrslan birt á vefsíðu Ríkisendurskoðunar, frétt birt á vefnum og fréttatilkynning send fjölmiðlum

Stjórnsýsluendurskoðun

- Eftirfylgni

- ✓ Að ákveðnum tíma liðnum skal skv. alþjóðlegum stöðlum fylgja stjórnsýsluendurskoðun eftir með eftirfylgni
 - Ekki fastur tímarammi
- ✓ Reglan hér á landi hefur verið að fylgja skýrslum eftir að þremur árum liðnum frá útgáfu þeirra
- ✓ Tilgangurinn fyrst og fremst aðhald en einnig upplýsingar um stöðu mála til Alþingis
- ✓ Eftirfylgni hámarkar ávinning stjórnsýsluendurskoðunar
- ✓ Fyrirkomulag eftirfylgni í endurskoðun

Stjórnsýsluendurskoðun

- Fjölmiðlaumfjöllun

- ✓ Misjafnt hvað skýrslur Ríkisendurskoðunar vekja mikla athygli
- ✓ Það hefur komið fyrir að fjölmiðlamenn tóku á móti okkur á nefndasviði að lokinni kynningu
- ✓ Einnig höfum við lent í því að skýrslur fái mjög litla sem enga athygli
- ✓ Breytingar á þjóðfélagsumræðu
- ✓ Upplýsingar um yfirstandandi úttektir á vefsíðu embættisins <https://www.rikisend.is/um-okkur/hlutverk#VER>

Stjórnsýsluendurskoðun

- Áhersla á úttektartilefni sem skipta máli
 - ✓ Afleiðing af því er meiri athygli
 - ✓ Jafnvel gagnrýni
 - ✓ Sem aftur sýnir okkur m.a. að við erum að gera réttu hlutina
- Þessar úttektir standa nær alfarið undir ytri ásýnd embættisins
 - ✓ Aðeins um fjórðungur af mannafla stofnunarinnar
- Ætlunin er að leggja meiri áherslu á þessa starfsemi og auka samtvinnun við fjárhagsendurskoðun
- Aukin áhersla á innra eftirlit og endurskoðun

Takk fyrir



JAFNLAUNAVOTTUN
2022 – 2025

RÍKISENDURSKOÐUN

